



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/1284
komudagur 1.3.2012

Seyðisfirði, 29. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um 392. mál. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014 (Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Bæjarráð Seyðisfjarðar þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda umsögn um málið og er tilbúið að mæta á fund nefndarinnar til að ræða efni hennar frekar.

Vegamál:

Bæjarráð Seyðisfjarðar leggur ríka áherslu á að nú þegar verði ráðist í bráðnauðsynlegar endurbætur á veginum yfir Fjarðarheiði á meðan ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgöng hefjist. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu að ákvörðun um Fjarðarheiðargöng verði tekin nú þannig að hægt sé að halda áfram undirbúningsrannsóknum vegna jarðganga. Jarðgöng eru eina raunhæfa leiðin til að leysa samgöngumál við Seyðisfjörð. Bæjarráð minnir á að vegurinn yfir Fjarðarheiði er einnig leiðin til Evrópu þar sem einu reglubundnu áætlunarsiglingar með farþega eru frá Seyðisfirði. Vegurinn liggur í um 600 metra hæð yfir sjó á allt að 9 kílómetra kafla og brattar brekkur með erfiðum beygjum báðum megin.

Þær lágmarksaðgerðir sem verður að ráðast í er víkka beygjur í Efri og Neðri Staf og einnig beygjur í Norðurfjalli, sem eru stórhættulegar.

Snjósöfnun er mikil á einstökum köflum meðal annars við uppistöðulón á Fjarðarheiði og þarf að ráðast í úrbætur á þeim vegaköflum. Hugmyndir hafa vaknað um snjósöfnunargirðingar gætu bætt úr ástandinu. Því hvetur bæjarráð til að ráðist verði á rannsóknir á því úrræði.

Öryggismál á Fjarðarheiði eru með öllu óviðunandi. Lagt er til að ráðist verði í að setja upp öryggisgirðingar á hættulegustu köflunum.

Mjög mismunandi veðurlag er á Fjarðarheiði eftir því hvort er austan eða norðan til á heiðinni sem er á meira en 10 kílómetra kafla í yfir 600 metra hæð. Óskað er eftir að nú þegar verði ráðist í að setja upp veðurstöðvar og myndavélar á fleiri stöðum á Fjarðarheiði heldur en nú er. Núverandi myndavél og veðurstöð er gömul og illa viðhaldið. Hún liggur því oft niðri, auk þess sem hún gefur ekki rétta mynd af ástandi vegarins austar á heiðinni eða í Efri Staf þar sem oft er ófært. Gæti það bætt öryggi vegfaranda til mikilla muna að geta kannað færð og aðstæður áður en lagt er á Fjarðarheiði.

Bæjarráð vísar til bréfs Vegagerðarinnar til Seyðisfjarðarkaupstaðar um ofangreind efni og fleiri mál og skorar á samgöngunefnd að setja strax fjármuni í þær úrbætur sem Vegagerðin telur nauðsynlegar .

Bæjarráð leggur mikla áherslu á undirbúning Fjarðarheiðarganga á þessu tímabili og ákvörðun um gerð ganganna. Seyðfirðingar hafa lýst vilja til að ræða við stjórnvöld um möguleika þess að fjármagna framkvæmdina að einhverju leyti með veggjaldi.

Hafnarmál:

Það stefnir í fjölgun skemmtiferðaskipa. Það er árangur af markvissri markaðssetningu hafnarinnar. Vaxandi útgerð stærri og stærri skipa í greininn krefst lengingar á stálþili við Strandarbakka og bættrar aðstöðu fyrir móttöku stórra skemmtiferðaskipa. Til þess að það verði kleift þarf fjármagn inn í samgönguáætlun.

Innanlandsflug:

Bæjarráð Seyðisfjarðar lýsir vonbrigðum og andúð með aukna gjaldtöku og fyrirhuguð frekari áform í þá veru á innanlandsflugið. Um er að ræða sértæka skattlagningu á fólk utan suðvesturhornins sem mest þarf að nota flugið og lengst á að sækja. Í því sambandi er rétt að minna á hvar stjórnsýsla ríkisins og stofnana þess eru að mestu leyti, auk allskonar þjónustu svo sem á heilbrigðissviði. Nú þegar hefur þetta birst í hækkun flugfargjalda. Er hér með skorað á ríkisvaldið að draga til baka umræddar gjaldahækkanir og falla frá frekari áformum þar um. Það er lágmark eins og þjónustu og innviðum á vegum ríkisins er komið í dag að reynt sé að stuðla að jöfnuði og hagkvæmum leiðum fyrir landsmenn að sækja hana.

Flugvellir:

Áform fjögurra ára samgönguáætlunarinnar um að efla Egilsstaðaflugvöll og að auka flugöryggi tengt honum verða mjög til bóta og eykur möguleika á notkun hans fyrir farþega og vöruflutninga ekki síst hvað millilandaflug varðar. Bæjarráð telur þessi áform skipta Austfirðinga miklu máli.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar,

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri

Mf; Bréf Vegagerðarinnar til Seyðisfjarðarkaupstaðar dagsett 28.02.2012



Seyðisfjarðarkaupstaður
Vilhjálmur Jónsson, bæjarstjóri
Hafuargötu 44
710 SEYÐISFJÖRÐUR

Reykjavík, 28. febrúar 2012
Tilvísun: 2010070039
SvSv/HrH/BH
Tilv. ykkar: 02.02.21012.

Efni: Samgöngumál - Fjarðarheiðargöng o.fl.

Með bréfi dags. 02.02.2012 sem lagt var fram á fundi með vegumálastjóra er óskað eftir ýmsum aðgerðum á vegakerfinu og hér á eftir eru settir á blað nokkrir minnispunktar í sömu röð og í bréfi bæjarstjóra.

1. Fjarðarheiðargöng.

Miðað við áætlað fjármagn til jarðgangagerðar á áætlanatímabilinu er ekki hægt að reikna með framkvæmdum við Fjarðarheiðargöng á þessum tíma. Hins vegar er reiknað með að unnið verði að rannsóknnum á aðstæðum til jarðgangagerðar á síðari tímabilum langtímaáætlunar.

2. Núverandi vegur

Seyðisfjarðavegur um Fjarðarheiði liggur í um 600 m y.s. á um 8-9 km löngum kafla með bröttum vegi báðum megin með um 8-10 % bröttum brekkum. Gerð Fjarðarheiðarvirkjunar og hækkun Heiðarvatns vegna hennar hefur orðið til þess að vetraraðstæður hafa versnað á umræddu svæði.

2.1 Snjósöfnun: Á vetrum, í norðan- og austanáttum, er oft snjósöfnun og kóf er einna verst við stíflu Fjarðarvirkjunar, þar sem vegfylling er mjög há og brattir fláar. Vegagerðin gerði athugasemdir við frágang fyllingarinnar á sínum tíma og bætti virkjunarnradili aðeins úr með því að bæta í fláa. Nauðsynlegt er bæta þarna frekar úr og rætt hefur verið um að setja snjógirðingar neðan í fláann til að minnka snjósöfnun á veginn þarna og fá ráðgjöf hjá Skúla Þórðarson hjá Vegsýn.

Hækkun á Heiðarvatni hefur valdið því að vegur er lægri í landinu en áður, sérstaklega þar sem sett voru öryggissvæði með vegi á 3 köflum á samtals 7-800 m, sem hefur orðið til þess að snjógöng myndast meira en áður og þ.a.l. kófar þar meira en áður í skafrenningi. Skoðaðar verða mögulegar lausnir á því í samráði við sérfræðinga.

Í Neðri Staf verður að skoðað hvort sé ekki hægt að breikka axlir/fyllingu og rúnna af fláabrúnir lft og Efri Staf.

Um Mjósund myndast oft snjógöng á vetrum þar sem vegur liggur um snjóþungt og veðrasamt svæði. Á svæðinu um Mjósund eru þrjár kynslóðir af vegum og sá nýjasti byggður um 1997, og var talin besta leiðin um svæðið að mati þeirra sem til þekktu. Mögulegt er að bæta þar ástandið með að moka oftar út til að rýmka snjógöngin, hækka veginn á kafla og/eða taka niður kletta við veg sem skefur af.

2.2 Hálfka: Seyðisfjarðarvegur er í þjónustuflokki 3 og gert ráð fyrir hálkuvörn í samræmi við það. Tilhneiging hefur verið að hálkuverja meira en minna í brekkunum báðum megin við heiðina og jafnvel upp á heiðinni þegar hálfka er einungis þar á leiðinni. Ákveðið var nú um áramót að auka vetrarþjónustuna á morgnana og byrja hálfri klst. fyrr. Bætt verður við og skilgreint í verklagsreglum Vegagerðarinnar, samfelldar hálkuvörnir brekkunum upp á heiðina í hálfka líkt og oft er gert raun.



2.3 Vegtenging Seyðisfjarðarvegur inn á Borgarfjarðarveg: Vegtenging var gerð sem bráðabirgðavegur vegna óvissu um staðsetningu á brú á Eyvindará við Egilsstaði 1995. Vegtengingin átti að geta orðið hluti af vegi að brú við Melshorn, en að geta þjónað tímabundið að Eyvindarábrú þar sem hún var svo byggð. Í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum um Seyðisfjarðarveg um Eyvindará 1996, kemur fram að reiknað sé með að bráðbirgðavegur (tengingin) verði fjarlægð. Síðar var aðalskipulagi á svæðinu breytt, þar sem gert er ráð fyrir að vegtengingunni eins og hún er í dag, en áformað að gera endurbætur á vegtengingunni, sem ekki hefur enn verið gert. Hægt er að lækka blindhæðina ofan við vegamótin, hækka veg þar ofan við og Borgarfjarðarveg um vegamótin til að bæta sjónlengd á vegamótum, ásamt lagfæringu á kröppum beygjum innan við vegamótin átt að Eyvindará. Skoða þarf betur möglegar lausnir við endurbætur á vegamótunum þegar fjárveitingar fást.

2.4 Veðurstöð á svæði við Stafina og Mjósund: Umræða hefur lengi verið um þörf fyrir veðurstöð og myndavél í austurhluta heiðarinnar, þar sem veður getur verið með allri öðru móti en norðan til. Heppilegur staður væri um Efri Staf þar sem hægt væri að sjá yfir Mjósund, um Efri Staf og niður í brekkumar þar. Málið verður skoðað frekar þegar fjárveitingar fást.

2.5 Ljósuskilti við innkomu í Seyðisfjarðarbæ: Vegur að bænum er beinn, hindrunarlaus og nokkuð opið svæði öðru megin vegar, þannig að umferð þar er að líkindum of hröð.

Þörf er á því að draga þarna úr umferðarhraða og skoðað verður í samráði við heimamenn hvaða aðgerðir henta best, hraðavörunaljós, umferðareyja, bæjarhlíð eða aðrar aðgerðir.

3

3.1 Vegþjónusta: Í endurskoðuðum þjónustusamningum um þjóðvegi í þéttbýli er fyrirvari um, að ef kostnaður við þjónustuna stefni í að verði hærrí en fjárheimildir gæti þurft að minnka þjónustu. Í viðræðum við sveitarfélagið höfum við sagt að þetta sé í samræmi við öll önnur verkefni hjá okkur.

3.2 Umferðarmagn á Háfnefsstaðarvegi í Skálanes: Vegur frá Seyðisfirði út í Háfnefsstaði var mülborinn fyrir 4 árum og vegur utan við Háfnefsstaði er styrkvegur sem sveitarfélagið hefur séð um. Notið var malað bindingsríkt efni sem reynst hefur vel, nema vegyfirborð á það til að vadastr upp í mikilli rigningartíð. Einnig er langhalli lítill á köflum þannig að afvötnun er þar ekki góð. Þetta verður skoðað frekar við gerð viðhaldsáætlunar næsta árs.

3.3 Brú á Sörlastaðará: Í viðhaldsáætlun brúa hefur verið gert ráð fyrir að hækka brúna og breikka. Gert er ráð fyrir að setja stálbita og trédekk ofan á núverandi brú ásamt því að lengja vegriðin út frá brúni. Aðstæður ættu því að batna vegna snjóá og umferðaröryggi að aukast um brúna. Vegagerðin lét fleyga kletta undan brúni á sínum tíma til að rýmka brúaropið þar sem brúin tók ekki allt vatn í mestu vatnavöxtum. Skoðað verður hvort hætta sé vegna rofsins neðan brúar. Í umræðu um endurbætur brúarinnar komu fram hugmyndir um að betra væri að byggja nýja brú rétt ofan við núverandi brú, en ljóst er að kostnaður er margfaldur m.v. fyrirhugaðar endurbætur. Bygging á nýrri brú hefur ekki verið kynnt sveitafélaginu formlega.

3.4 Brú á Austdalsú: Vegurinn er styrkvegur og líklegast á forræði sveitafélagsins. Rétt að benda á að sækja um styrk til verkefnisins. Vegagerðin skoðaði aðstæður með byggingafulltrúa á sínum tíma og liggja fyrir hugmyndir um staðsetningu og lengd brúar.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.